



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Sumaropnun leikskóla 2019

Samantekt á tilraunarverkefni

Auður Ævarsdóttir, Róbert Rafn Birgisson og Sigrún Harpa Magnúsdóttir
Skrifstofa skóla- og frístundasvið
Nóvember 2019

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
Inngangur	2
Mat á tilraunaverkefninu.....	2
1. Kostnaður og nýting á vistunartíma	3
Fjöldi barna og nýting á vistunartíma barna sem koma úr öðrum leikskólum.....	3
Fjöldi starfsmanna úr öðrum leikskólum.....	3
Nýting barna í sumaropnunarleikskólunum	4
Hlutfall barna af heildarfjölda barna sem komu í sumaropnun	4
Kostnaður við sumaropnun	4
2. Upplýsingagjöf	7
3. Almenn um skipulag á sumaropnun leikskóla.....	8
4. Líðan barna	10
Samantekt og niðurstaða á tilraunaverkefninu.....	11
Fylgiskjöl:	12
1. Bréf til foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar.....	12
2. Viðhorfskönnun til foreldra sem nýttu sumaropnun, niðurstöður	12
3. Matsblað leikskólastjóra.....	12
Fylgiskjal 1	13
Fylgiskjal 2	14
Fylgiskjal 3	17

Inngangur

Í meirihlutasáttmála borgarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2018 til 2022 kom fram að fara átti í tilraunaverkefni um sumaropnanir í leikskólum Reykjavíkur. Á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 samþykkti borgarstjórn að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opinn allt sumarið 2019.

Fagskrifstofa leikskólamála á skóla- og frístundasviði tók við verkefninu og hófst þegar handa við að leita eftir leikskólum til að taka þátt í verkefninu. Þeir leikskólar sem tóku þátt voru Rofaborg í Árbæ/Grafarholti, Lyngheimar í Grafarvogi, Ösp í Breiðholti, Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum, Garðaborg í Laugardal/Háaleiti og Gullborg í Vesturbænum. Stjórnendur þessara leikskóla mynduðu vinnuhóp ásamt fjórum starfsmönnum skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Starfshópurinn hittist á nokkrum fundum og lagði fram tillögur að starfsreglum sem samþykktar voru í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs. Þar kom m.a. fram að umsóknartími foreldra var 15. mars 2019, að vistun í sumaropnunarleikskólunum þarf að vera að lágmarki vika og þarf að vera samfelld.

Bréf var sent frá leikskólaskrifstofu til allra leikskóla þar sem óskað var eftir því að þeir framsendu póstinn til allra foreldra þar sem fylgdi umsóknareyðublað um vistun í sumaropnunarleikskóla (*fylgiskjal 1*).

Foreldrar voru hvattir til að fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskólar barna þeirra loka, þar sem flutningur á milli leikskóla getur verið börnum erfiður og ekki er hægt að tryggja að starfsmaður sem fylgi barni úr heimaleikskóla þess þekki barnið vel eða að barnið þekki einhver börn sem verða í sumaropnunarleikskólanum.

Mat á tilraunaverkefninu

Við samþykkt á tilraunaverkefninu var jafnframt samþykkt að fram færi mat á því. Framkvæmd matsins var gerð af starfsmönnum skrifstofu sviðstjóra og fjármáladeildar á skóla- og frístundasviði. Gagna var aflað með rýnihópum hagsmunaaðila, viðhorfskönnun foreldra (*fylgiskjal 2*) sem nýttu sumaropnun leikskóla, matsblaði leikskólastjóra (*fylgiskjal 3*) og tölulegum upplýsingum um kostnað og nýtingu.

Rýnihópar voru samtals 6 talsins, 3 rýnihópar barna, 1 rýnihópur foreldra sem nýttu sumaropnun, 1 rýnihópur starfsmanna sem unnu í sumaropnun og 1 rýnihópur leikskólastjóra sem voru með opið.

Rýnihópar barna fóru fram í leikskólum á tímabilinu 17. júlí – 31. júlí. Rýnihópur foreldra fór fram 24. júlí, rýnihópur starfsmanna fór fram 19. júlí og rýnihópur leikskólastjóra fór fram 5. september.

Viðhorfskönnun var send foreldrum barna sem nýttu sér sumaropnun leikskóla 2019, 21. ágúst – 9. september.

Leikskólastjórar skiluðu matsblaði um hvernig gekk.

Við mat á verkefninu var greiningunni skipt upp í 4 áherslupætti sem fjallað verður um hér á eftir:

1. Kostnaður og nýting á vistunartíma
2. Upplýsingaflæði
3. Almennt skipulag
4. Líðan barna

1. Kostnaður og nýting á vistunartíma

Fjöldi barna og nýting á vistunartíma barna sem koma úr öðrum leikskólum.

Fjöldi barna frá öðrum leikskólum sem komu inn í opnunarleikskólana voru 28 í heildina og skiptust þannig í sumaropnunarleikskólana:

Bjartahlíð 6 börn
Garðaborg 1 barn
Gullborg 5 börn
Lyngheimar 8 börn
Rofaborg 3 börn
Ösp 5 börn

Skráður vistunartími barnanna var að meðaltali 8,28 klst en nýttur tími var að meðaltali 5,05 klst eða 61% nýting að meðaltali. Nýtingin var þó mjög mismunandi á milli leikskóla eða frá 47% upp í 90%.

Slæma nýtingu má helst skýra með þessum þáttum:

- Börn sem voru skráð í vistun en mættu lítið sem ekkert
- Börn sem nýttu lítinn hluta af skráðum vistunartíma sínum
- Börn sem voru sótt fyrr eða komu seinna

Leikskóli	Meðaltal af Vistunartími barna á dag	Meðaltal af Nýttur tími barna á dag	Hlutfall af nýttum vistunartíma
Bjartahlíð	08:32	05:56	67%
Garðaborg	09:00	06:92	77%
Gullborg	08:06	05:04	63%
Lyngheimar	07:88	03:73	47%
Rofaborg	08:16	07:31	90%
Ösp	09:10	05:63	62%
Meðaltal	08:28	05:05	61%

Fjöldi starfsmanna úr öðrum leikskólum

Starfsmenn sem fylgdu börnum úr öðrum leikskólum voru í samtals 28 stöðugildum og allir í fullu starfi.

Nýting barna í sumaropnunarleikskólunum

Foreldrar um 100 barna nýttu sumaropnun í sínum heimaleikskóla og tóku sumarleyfi á öðrum tíma en megin sumarleyfistíma leikskóla var, þ.e. frá 8. júlí til og með 2. ágúst 2019.

Skráður vistunartími var að meðaltali 8,21 klst og nýttur vistunartími var að meðaltali 6,37 klst eða 79% nýting að meðaltali hjá þeim sem voru í heimaleikskólum.

Leikskóli	Meðaltal af Skráður vistunartími barna á dag	Meðaltal af Nýttur tími barna á dag	Hlutfall af skráðum vistunartíma
Bjartahlíð	08:09	06:44	83%
Garðaborg	08:05	06:36	82%
Gullborg	08:28	06:33	77%
Lyngheimar	08:33	06:00	70%
Rofaborg	08:29	07:19	86%
Ösp	08:07	06:28	80%
Meðaltal	08:21	06:37	79%

Taflan er unnin út frá inn/útstimplun í Völu á skilgreindum sumarleyfistíma. Þess ber að geta að eitthvað var um að það vantaði inn, útstimplun eða bæði og var það ekki tekið með í töluna.

Hlutfall barna af heildarfjölda barna sem komu í sumaropnun

Samtals voru um 128 börn sem nýttu sér sumaropnunina þar af 100 úr sínum heimaleikskólum en 28 frá öðrum leikskólum. Heildarfjöldi barna í leikskólum borgarinnar vorið 2019 var um 5.380 og því voru um 2,4% foreldra sem nýttu sér þetta úrræði.

Kostnaður við sumaropnun

Heildarkostnaður við sumaropnun varð **22,5 mkr.** Kostnaðinum má skipta upp í þrennt:

1. Úthlutaður launakostnaður til sumaropnunarleikskóla

Leikskóli	Afleysingastaða í 4 vikur	Deildarstjórastaða í 4 vikur (eftir barnafjölda)*	TV einingar til leikskólastjóra í 3 mánuði	Launakostnaður alls
Bjartahlíð	418.200	605.000	405.900	1.429.100
Garðaborg	418.200	605.000	405.900	1.429.100
Gullborg	418.200	726.000	405.900	1.550.100
Rofaborg	418.200	968.000	405.900	1.792.100
Ösp	418.200	605.000	405.900	1.429.100
Lyngheimar	418.200	665.500	405.900	1.489.600
Alls	2.509.200	4.174.500	2.435.400	9.119.100

*Reiknað út frá heildarfjölda barna í hverri viku.

2. Úthlutaður annar rekstrarkostnaður til sumaropnunarleikskóla

Leikskóli	Orka	Ræsting	Aðkeypt fæði í 1. mánuð miðað við 50% deilda sé fullnýtt.	Hreinlætisvörur	Sorphreinsun	Kennslufni	Annar rekstrarkostnaður alls
Bjartahlíð	105.000	251.216	1.312.500	35.000	21.000	57.500	1.782.216
Garðaborg	30.000	185.679	375.000	10.000	6.000	25.000	631.679
Gullborg	75.000	307.463	937.500	25.000	15.000	38.000	1.397.963
Rofaborg	75.000	165.994	937.500	25.000	15.000	52.000	1.270.494
Ösp	45.000	224.737	562.500	15.000	9.000	26.000	882.237
Lyngheimar	60.000	262.562	750.000	20.000	12.000	40.000	1.144.562
Alls	390.000	1.397.651	4.875.000	130.000	78.000	238.500	7.109.151

3. Úthlutaður afleysingakostnaður til leikskóla sem sendu starfsmenn til sumaropnunarleikskólanna

Leikskóli annar en sumaropnun	Sumaropnunarleikskóli	Fjöldi daga sem starfsmaður er á sumaropnun	Stöðugildi út frá vinnutíma	Stöðugildi út frá dagafjölda (20 dagar)	Fjárhæð v. sumarorlofs
Geislabaugur	Rofaborg	17	1,00	0,85	355.470
Árborg	Rofaborg	3	1,00	0,15	62.730
Árborg	Rofaborg	5	1,00	0,25	104.550
Rauðhóll	Rofaborg	12	1,00	0,60	250.920
Borg	Ösp	10	1,00	0,50	209.100
Borg	Ösp	10	1,00	0,50	209.100
Hólaborg	Ösp	10	1,00	0,50	209.100
Hólaborg	Ösp	2	1,00	0,10	41.820
Suðurborg	Ösp	8	1,00	0,40	167.280
Suðurborg	Ösp	5	1,00	0,25	104.550
Suðurborg	Ösp	7	1,00	0,35	146.370
Bakkaborg	Ösp	11	1,00	0,55	230.010
Bakkaborg	Ösp	10	1,00	0,50	209.100
Tjörn	Garðaborg	5	1,00	0,25	104.550
Stakkaborg	Garðaborg	21	1,00	1,05	439.110
Klettaborg	Lyngheimar	15	1,00	0,75	313.650
Klettaborg	Lyngheimar	5	1,00	0,25	104.550
Miðborg	Lyngheimar	21	1,00	1,05	439.110
Funaborg	Lyngheimar	18	1,00	0,90	376.380
Laufskálar	Lyngheimar	19	1,00	0,95	397.290
Laufskálar	Lyngheimar	12	1,00	0,60	250.920
Ægisborg	Gullborg	10	1,00	0,50	209.100
Hagaborg	Gullborg	13	1,00	0,65	271.830
Sæborg	Gullborg	13	1,00	0,65	271.830
Sæborg	Gullborg	7	1,00	0,35	146.370
Tjörn	Gullborg	4	1,00	0,20	83.640
Hlíð	Bjartahlíð	15	1,00	0,75	313.650

Laugasól	Bjartahlíð	13	1,00	0,65	271.830
Alls					6.293.910

Samantekt:

Heildarkostnaður við sumaropnun varð **22,5 mkr.**

Fjöldi barna frá öðrum leikskólum voru 28 og nýttu vistunartíma að meðaltali 61%. Nýting var mismunandi á milli leikskóla, frá 47% upp í 90%. Starfsmenn sem fylgdu börnum úr öðrum leikskólum voru í samtals 28 stöðugildum og allir í fullu starfi. Foreldrar um 100 barna nýttu sumaropnun í sínum heimaleikskóla og nýttu vistunartíma að meðaltali 79%.

Heildarfjöldi barna í leikskólum borgarinnar vorið 2019 var um 5.380 og nýttu 2,4% foreldra barna þetta úrræði. Heildarkostnaður á hvert barn í sumaropnun var að meðaltali 175.781 kr.

2. Upplýsingagjöf

Framkvæmd

Upplýsingabréf til foreldra um tilraunaverkefnið, sumaropnun leikskóla var sent frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs til allra leikskólastjóra í Reykjavík og óskað var eftir að bréfið yrði áframsent foreldrum leikskólans fyrir 15. febrúar 2019. Í bréfinu kom fram að 6 leikskólar í Reykjavík yrðu opnir, einn í hverjum borgarhluta. Í bréfinu kom fram hvernig foreldrar sæki um sumarleyfistíma á eyðublaði til deildarstjóra/leikskólastjóra fyrir 15. mars 2019.

Ábendingar um upplýsingagjöf

Í rýnihópi foreldra sem nýttu sumaropnun í leikskóla komu fram ábendingar um að þjónustan hafi ekki verið nógu vel auglýst til foreldra í öllum leikskólum og vildu þau meina að það hafi haft áhrif á fjölda þeirra sem nýttu þjónustuna. Ábending kom um að gagnlegt hefði verið að fá áminningu frá leikskólastjóra áður en umsóknarfrestur um sumarleikskóla rann út og að auglýsingin hefði verið sýnileg foreldrum á upplýsingatöflu eða í fataklefa í leikskólunum. Foreldrar í rýnihóp veltu fyrir sér hvort að starfsfólk leikskólanna hafi verið nægilega upplýst um tilraunaverkefnið og fyrirkomulag þess. Auk þess var bent á að Reykjavíkurborg hefði getað auglýst opnunina betur fyrir foreldrum almennt.

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að leikskólar sem voru með sumaropnun auglýstu þjónustuna vel en töldu þó að tilraunaverkefnið hafi ekki verið nógu mikið auglýst almennt. Í opnum svörum í foreldrakönnun kom fram að sumir foreldrar hefðu ekki nýtt sér þjónustuna ef barnið hefði þurft að skipta um leikskóla. Þetta sjónarmið styður við þann fjölda umsókna sem kom úr öðrum leikskólum en 28 börn úr 17 leikskólum sóttu um sumaropnun í öðrum leikskóla á meðan um 100 börn sóttu um sumaropnun í sínum heimaleikskóla. Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram gagnrýni á að ekki hafi verið gerð skoðunarkönnun meðal allra foreldra leikskólabarna í Reykjavík um þörfina á hve mörg börn myndu nýta sumarþjónustuna, áður en farið var í að skipuleggja framkvæmdina.

Umsóknarferlið

Foreldrar í rýnihóp gagnrýndu það að umsóknarferlið væri ekki rafrænt og töldu að það myndi einfalda umsóknarferlið ef það yrði gert á þann hátt. Leikskólastjórar töldu hinsvegar að fyrirkomulag umsóknarferlisins hefði verið gott.

Leikskólastjórar í rýnihóp lögðu mikla áherslu á að ef sumaropnun verði aftur á næsta ári er mikilvægt að byrja að undirbúa það tímanlega og auglýsa það með góðum fyrirvara. Samkvæmt leikskólastjórunum var sumaropnun 2019 undirbúin með of stuttum fyrirvara m.a. út frá starfsfólki og skipulagi, t.d. varðandi sumarfrí og annað.

Samantekt

Framkvæmd vegna upplýsinga um sumaropnun leikskóla og þá þjónustu sem var í boði var mismikið kynnt fyrir foreldrum í leikskólum ef marka má athugasemdir foreldra, starfsmanna og leikskólastjóra og eftirfylgni mismunandi eftir leikskólum. Leikskólastjórar bentu á að gagnlegt hefði verið að gera skoðanakönnun til að meta þörfina og framkvæma verklag tilraunaverkefnisins eftir þeim niðurstöðum.

Foreldrar í rýnihóp töldu að ef þjónustan hefði verið betur kynnt þá hefðu fleiri foreldrar nýtt sér hana. Foreldrar bentu á að aðgengilegra sé fyrir foreldra að hafa umsóknarferlið rafrænt.

Foreldrar barna í sumaropnun sem voru í sínum heimaleikskóla bentu á að það hafi verið kostur að heimaleikskóli barnsins tók þátt í tilraunaverkefninu og töldu ólíklegt að þau hefðu nýtt þjónustuna ef barnið hefði þurft að fara á annan leikskóla.

3. Almennt um skipulag á sumaropnun leikskóla

Samþykkt var í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs að allir leikskólar sem sendu barn/börn í sumaropnunarleikskóla myndu senda starfsmann með. Varðandi börn með skilgreindan stuðning í 1. flokki var krafa gerð um að starfsmaður frá leikskóla þess fylgdi barninu.

Í rýnihópum leikskólastjóra, foreldra og barna kom fram að mikilvægt var að það kom starfsmaður með börnunum úr heimaleikskóla þeirra. Sama viðhorf kom fram í viðhorfskönnun til foreldra sem nýttu sumaropnun. 30% foreldra sögðu að barnið/börnin þeirra hefðu treyst mjög mikið á starfsmanninn sem fylgdi barninu úr heimaleikskólanum, 40% sögðu barnið treysta frekar mikið á starfsmanninn, 15% sögðu hvorki né, 10% sögðu frekar eða mjög lítið og 5% vildu ekki svara.

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að í sumum tilfellum þá hafi starfsfólk fylgt börnum sem þau þekktu ekki og dæmi var um að barn með stuðning hafi ekki fengið starfsmann með sér. Í rýnihópi barna og viðhorfskönnun foreldra í opnum svörum kom það einnig fram.

Í rýnihópi foreldra kom fram mikil ánægja með þjónustuna og það studdi viðhorfskönnunin einnig. Í viðhorfskönnuninni kom fram að 73% foreldra voru mjög ánægðir með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta var opinn og 24% voru frekar sammála. Í viðhorfskönnuninni kom einnig fram í opnum svörum könnunarinnar að þjónustan væri góð fyrir t.d. nema og foreldra sem hafa ekki val um sumarleyfistímabil. Foreldrar bentu á það bæði í rýnihópi og í opnum svörum í viðhorfskönnun foreldra að það er mikill kostur fyrir fjölskyldur að geta verið saman í fríi.

Í viðhorfskönnun foreldra var spurt um ástæður þess að foreldrar skráðu barnið/börnin í sumaropnun og kom þá í ljós að 28% foreldra sóttu um að taka sumarleyfi á öðrum tíma vegna þess að þau þurftu þess en töluvert fleiri, eða 68% foreldra, sóttu um það vegna þess að það hentaði þeim betur.

Frístund þarf að vera opin líka á sama tíma

Í opnum svörum í viðhorfskönnun foreldra og í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að mikilvægt er að frístundaheimilin séu einnig opin á sama tíma. Leikskólastjórar sem og foreldrar bentu á mikilvægi þess að samræma það. Leikskólastjórar sögðu að til þess að sumaropnun nýtist öllum fjölskyldum þurfa frístundaheimilin að hafa opið í júlí en frístundaheimilin voru lokuð í tvær vikur í júlí og það hafði áhrif á að allar fjölskyldur gátu nýtt sér sumaropnun leikskóla.

Umfang leikskólastjóra í sumaropnunarleikskóla

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að verkefnið fól í sér gríðarlegt utanumhald fyrir leikskólastjóra og álag á stjórnendur var mikið. Samkvæmt matsblaði frá leikskólastjóra sem skráði verkefnið yfir þá daga sem sumaropnun var, sést að verkefnið voru mörg, m.a.: *hafa yfirumsjón yfir daginn, daglegur rekstur, samskipti við starfsmenn, börnin og foreldra, vaktaplön starfsmanna, opna og loka leikskólanum, innritun, auglýsa eftir starfsfólki og starfsviðtöl o.fl.* Leikskólastjórar sem tóku þátt í

sumaropnun sögðu þó jákvætt að tíminn nýttist vel í frágang, undirbúning og þríf sem annars hefði ekki verið hægt að gera þegar um hefðbundna sumarlokun er að ræða.

Samkvæmt leikskólastjórum þarf að hugsa verkefnið yfir allt sumarið til að leysa starfsfólk af í sumarleyfi fyrir utan hefðbundinn sumarlokunar tíma, en það myndaðist álag þegar að starfsmenn sem unnu í sumaropnun tóku frí á öðrum tíma t.d. í júní og ágúst, sérstaklega um miðjan ágúst þegar starfsfólk leikskólans var í sumarleyfi og sumarstarfsfólk var að hætta vegna skólabyrjunar.

Starfsmannahald í sumaropnun

Í bæði rýnihópum starfsmanna og leikskólastjóra var einhugur um að starfsmannafjöldinn var of mikill miðað við barnafjölda í öllum leikskólunum í sumaropnuninni. Það hafði í för með sér bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Jákvæður þáttur var t.d. að tíminn var vel nýttur í skipulag og þríf, en á móti kom að launakostnaður hafi verið of mikill og peningarnir ekki vel nýttir. Starfsmenn í rýnihóp sögðu að það hefði nýtt tímann til að gera það sem hefur setið á hakanum, eins og t.d. að skipuleggja bókasafn og undirbúa næsta vetur.

Í viðhorfskönnun foreldra kom fram að þeir upplifðu að starfsfólk væri of margt miðað við fjölda barna sem nýttu þjónustuna. Stundum voru næstum því fleiri starfsmenn heldur en börn, að því er fram kom í viðhorfskönnuninni, sem foreldrar sögðu aukin kostnað í rekstri.

Hvað var gert í sumaropnuninni?

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að dagskipulagið var ekki í föstum skorðum og dagurinn var látinn ganga með það að markmiði að hafa starfið fjölbreytt og gera meira en venjulega svo að allir gætu notið sín sem best. Í rýnihóp starfsfólk kom fram að skipulagið hafi verið frjálsslegra en venjulega en að börnin hafi notið sín mjög vel í því fyrirkomulagi. Í rýnihópi barna kom fram að þau upplifðu að skipulagið í sumarleikskólanum væri öðruvísi að því leyti að þau voru að gera aðra hluti en oft áður; „*kaupa ís, mála steina, gerum miklu meira, erum með dóttur sem við erum ekki oft með*“.

Samantekt

73% foreldra voru mjög ánægðir með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta væri opin fyrir sumaropnun og 24% voru frekar sammála. 28% foreldra sóttu um að taka sumarleyfi á öðrum tíma vegna þess að þau þurftu að taka sumarleyfi á öðrum tíma í vinnunni en 68% foreldra sóttu um það vegna þess að það hentaði þeim betur.

Sumaropnun er góð þjónusta fyrir nema og foreldra sem hafa ekki val um sumarleyfistímabil. Foreldrar bentu á að það er kostur að geta valið sumarleyfistímabil svo fjölskyldur geti verið saman í frí.

Mikilvægt að frístundaheimili séu opin á sama tíma. Verði áframhald á þjónustunni næsta sumar þarf að auglýsa og skipuleggja miklu fyrr. Mikilvægt að starfsmenn sem þekkja börnin fylgi frá öðrum leikskólum.

Álag á leikskólastjóra yfir sumartímann var mjög mikið. Fjöldi starfsmanna of mikill, kostnaður of mikill en jákvæður þáttur að hægt var að undirbúa næsta starfsár, þrifa og laga til. Börnin sögðu skipulagið hafa verið skemmtilegt því þau voru að gera margt sem þau gerðu ekki oft.

4. Líðan barna

Það getur verið álag á börn að skipta um leikskóla og börn þurfa að fá aðlögunartíma við þær aðstæður. Þess vegna var ákveðið að það færi starfsmaður með börnum sem komu úr öðrum leikskólum til að vera í sumaropnunarleikskólanum, til að veita börnunum öryggi og vellíðan og sjá til þess að tíminn á sumarleikskólanum yrði ánægjulegur.

Viðhorfskönnun og rýnihópur foreldra sem nýttu sér sumaropnun leikskóla um líðan barna

Í viðhorfskönnun foreldra kom fram að 30% barna leið mjög vel með að fara í annan leikskóla en heimaleikskólann yfir sumaropnunina og 45% barna leið frekar vel með það. 5% sögðu hvorki né og 20% barna leið frekar illa eða mjög illa með að fara í annan leikskóla en heimaleikskóla.

Úr rýnihóp foreldra kom fram að ólíkt var hvernig upplifun barna þeirra var á því að fara í sumaropnunarleikskóla. Eitt foreldri sagði að barnið hafið verið leitt yfir því að hafa ekki verið að fara í sumarfrí á sama tíma og vinirnir en það hafi gengið vel en foreldrið fann fyrir því að þetta var álag á barnið. Annað foreldri sagði að barnið ætti auðvelt með breytingar og því hefði ekki verið erfitt fyrir það að fara í sumaropnunina. Foreldri í rýnihópi benti á að mikilvægt er að bjóða barnið velkomið í sumarleikskólann með því að t.d. merkja hólfi og skúffu fyrir barnið.

Rýnihópur leikskólastjóra

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að líðan barna í sumaropnun hafi almennt verið góð. Börnin sem komu úr öðrum leikskólum treystu á þann starfsmann sem þau þekktu fyrstu dagana. Í rýnihópi leikskólastjóra kom fram að elstu börnin söknuðu vina sinna og yngri börnin voru óörugg þegar þau komu til baka þar sem aðrir starfsmenn voru á leikskólanum en þau þekktu fyrir.

Rýnihópur barna um líðan í sumaropnunar leikskóla

Í rýnihóp barna kom fram sjónarmið sem styður við það sem leikskólastjórar segja. Börnin voru almennt ánægð og fannst gaman í leikskólanum. Eitt barn sagði að börnin sakni vina sinna og langi ekki í leikskólann, annað barn sagði að það væri erfitt að finna leikfélaga en þau voru sammála um að þau væru að gera nýja hluti, t.d. prófa nýtt dót.

Rýnihópur starfsfólks um líðan barna í sumaropnunar leikskóla

Í rýnihóp starfsfólks koma fram sjónarmið sem styður við það sem kom fram í rýnihópum leikskólastjóra og barna, að börnin séu að njóta sín en vantaði upp á félagaval. Börnin treysti mjög á starfsmanninn sem fylgi þeim en sum börn voru að njóta sín betur í sumarleikskólanum því börnin voru færri og aðgengi að starfsmönnum mjög gott.

Samantekt

Fram kemur að það er áskorun fyrir mörg börn að skipta um leikskóla og fyrir stuttan tíma eins og í sumaropnun (1-4 vikur), en það er misjafnt eftir hverju barni. Meiri áskorun er fyrir barn að fara úr heimaleikskóla í sumarleikskóla heldur en fyrir barn sem er fyrir í sumarleikskóla og þarf ekki að flytja um leikskóla. Þó getur minna félagaval haft áhrif á líðan þeirra.

Í rýnihóp leikskólastjóra kom fram að líðan barna í sumaropnun hafi almennt verið góð. Börnin sem komu úr öðrum leikskólum treystu á þann starfsmann sem þau þekktu fyrstu dagana. Í rýnihópi leikskólastjóra kom fram að elstu börnin söknuðu vina sinna og yngri börnin voru óörugg þegar þau komu til baka þar sem aðrir starfsmenn voru á leikskólanum en þau þekktu fyrir. Í rýnihópi barna kom

fram að börnin söknuðu vana sinna og langaði ekki alltaf í leikskólann, einhverjum fannst erfitt að finna leikfélaga en börnin voru sammála um að þau væru að gera nýja hluti. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að sum börn voru að njóta sín betur í minni hóp og góðu aðgengi að starfsfólki.

Samantekt og niðurstaða á tilraunaverkefninu

Við mat á tilraunaverkefninu um sumaropnun leikskóla í Reykjavík 2019 var lögð áhersla að fá fram sjónarmið allra hagsmunaaðila, barna, foreldra, starfsfólks og leikskólastjóra. Var þeim gefin kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í rýnihópum auk þess sem foreldrar barna sem nýttu sumaropnun fengu senda viðhorfskönnun.

Jafnfram voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð, þ.e.a.s. matsblað leikskólastjóra, nýting á vistunartíma barna í sumaropnuninni, fjöldi starfsmanna og kostnaður.

Úttektinni er ætlað að svara því hvernig tilraunaverkefnið tókst og eru helstu niðurstöður settar fram út frá því sem vel var gert og ábendingum um það sem betur mætti fara með hliðsjóna af mati á greiningu verkefnisins; kostnaði, upplýsingaflæði, almennu skipulagi og líðan barna.

- Heildarkostnaður við sumaropnun varð 22,5 mkr.
- 3,3% foreldra barna nýttu þetta úrræði.

-
- Líðan barna í sumaropnun var almennt góð.
 - Börnin voru almennt ánægð með skipulagið og það sem boðið var uppá.
 - Starfsfólk í sumaropnunarleikskólanum gat nýtt tíma, m.a. til undirbúnings.
 - Sum börn nutu sín betur í minni hóp og góðu aðgengi að fleira starfsfólki.
 - Foreldrar voru ánægðir með að hafa val um sumarleyfistíma.

 - Gagnlegt hefði verið að gera skoðanakönnun um þörfina og framkvæma verklag tilraunaverkefnisins eftir þeim upplýsingum.
 - Skipuleggja þarf sumaropnunina með góðum fyrirvara og auglýsa fyrr en gert var.
 - Mikilvægt er að frístundaheimili séu opin á sama tíma svo að þjónustan nýtist fleirum.
 - Kynna ætti þjónustuna betur fyrir foreldrum og starfsfólki.
 - Einfalda ætti umsóknarferlið.
 - Umfang leikskólastjóra í sumaropnunarleikskóla er viðamikilið.
 - Starfsmannafjöldi var of mikill miðað við fjölda barna.
 - Minna félagaval getur haft áhrif á líðan barna. Sum börn söknuðu vana sinna og einhverjum fannst erfitt að finna leikfélaga.
 - Mikilvægt er að börnin þekki starfsfólkið sem fylgir frá öðrum leikskólum.

Fylgiskjöl:

- 1. Bréf til foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar**
- 2. Viðhorfskönnun til foreldra sem nýttu sumaropnun, niðurstöður**
- 3. Matsblað leikskólastjóra**

Fylgiskjal 1

Kæru foreldrar/forsjáraðilar

Í meirihlutasáttmála borgarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2018 til 2022 kemur fram að fara eigi í tilraunaverkefni um sumaropnanir í leikskólum Reykjavíkur. Á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 samþykkti borgarstjórn að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opinn allt sumarið 2019.

Öll börn í leikskólum Reykjavíkur skulu taka að minnsta kosti 20 virka daga samfleytt í sumarleyfi á sumarleyfistíma.

Eins og undanfarin ár munu leikskólar ykkar barna loka í 4 vikur yfir sumarið. Sumarlokunartímabilið er tekið í samráði við foreldraráð leikskólans og gjarnan að undangenginni könnun meðal foreldra.

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á þá meginreglu að foreldrar/forsjáraðilar taki sumarleyfi með börnum sínum á þeim tíma sem leikskólar þeirra loka. Í undantekningartilvikum, þegar foreldrar eiga þess ekki kost að taka sumarleyfi á sama tíma og leikskóli barnsins er hægt að sækja um að barnið fari í sumarleyfi á öðrum tíma og sækji þá leikskóla sem bjóða upp á sumaropnun í tilraunaskyni sumarið 2019.

Hægt er sækja um vistun í opna leikskólanum á meðan leikskóli barns er lokaður. Einn starfsmaður úr leikskóla barnsins mun fara með börnunum sem flytjast í opna leikskólann og vera í þeim leikskóla á meðan barn/börn eru þar.

Flutningur á milli leikskóla getur verið börnum erfiður þótt leitast verði við að starfsmaður sem fylgi barninu þekki það vel.

Umsókn um vistun í opna leikskólann skal skila til leikskólastjóra heimaleikskóla barns í síðasta lagi 15. mars nk. og er umsóknin bindandi.

Ef ekki er sótt um vistun í opinn leikskóla er litið svo á að barn muni fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskóli þess lokar.

Fylgiskjal 2

Viðhorfskönnun foreldra barna sem nýttu sér sumaropnun. Svarhlutfall var 62%

Í hvaða leikskóla sótti barnið sumaropnun?	
Rofaborg í Árbæ	30%
Lýngheimar í Grafarvogi	23%
Ösp í Breiðholti	4%
Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum	18%
Garðaborg í Laugardal/Háaleiti	16%
Gullborg í Vesturbæ	9%
Hver er helsta ástæðan fyrir að þið nýttuð ykkur sumaropnun leikskóla?	
Þurfti að taka sumarleyfi á öðrum tíma í vinnunni	28%
Hentaði betur að taka sumarleyfi á öðrum tíma	68%
Annað	4%
Annað	
	Plana frí ekki að vera bundin með sumarfriopnan i leikskolanum
	Langaði að prufa annan tíma en alltaf júlí
	Hentaði okkur vel þar sem lítið systkini var hjá dagmömmu og þurfti að vera í frí á ákveðnum tíma. Gátum samræmt fríið.
Hversu margar vikur í það heila nýttir þú fyrir barnið/börnin þín í sumaropnun leikskóla?	
1 vikur	14%
2 vikur	29%
3 vikur	22%
4 vikur	35%
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að einn leikskóli í hverjum borgarhluta Reykjavíkur hafi verið opinn fyrir sumaropnun?	
Mjög ánægð(ur)	73%
Frekar ánægð(ur)	24%
Hvorki né	1%
Frekar óánægð(ur)	0%
Mjög óánægð(ur)	0%
Veit ekki/vil ekki svara	1%

Hvernig leið barninu með að fara í annan leikskóla en heimaleikskólann yfir sumaropnunina	
Mjög vel	30%
Frekar vel	45%
Hvorki né	5%
Frekar illa	10%
Mjög illa	10%
Veit ekki/vil ekki svara	0%
Hversu mikið treysti barnið á starfsmanninn sem fylgdi úr heimaleikskóla barnsins yfir á sumaropnunarleikskólann?	
Mjög mikið	30%
Frekar mikið	40%
Hvorki né	15%
Frekar lítið	5%
Mjög lítið	5%
Veit ekki/vil ekki svara	5%
	5%
Hvernig leið barninu með að fara í leikskólann yfir sumaropnunina?	
Mjög vel	57%
Frekar vel	34%
Hvorki né	6%
Frekar illa	2%
Mjög illa	0%
Veit ekki/vil ekki svara	1%
Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fyllyrðingum?	
Barnið mitt aðlagaðist vel í sumaropnun leikskólans	
Mjög sammála	59%
Frekar sammála	32%
Hvorki né	5%
Frekar ósammála	0%
Mjög ósammála	3%
Veit ekki/vil ekki svara	1%

Viðmót starfsfólks í sumaropnunarleikskóla var jákvætt	
Mjög sammála	67%
Frekar sammála	24%
Hvorki né	4%
Frekar ósammála	1%
Mjög ósammála	0%
Veit ekki/vil ekki svara	4%
Ég fékk nægar upplýsingar um sumaropnunina	
Mjög sammála	41%
Frekar sammála	37%
Hvorki né	9%
Frekar ósammála	9%
Mjög ósammála	4%
Veit ekki/vil ekki svara	0%

Fylgiskjal 3

Matsblað leikskólastjóra Skráningaform vegna sumaropnunar

1.	Hvernig tókst að manna tímabilið, bæði sumarafleysingafólk og að fá fólk til að fylgja barni úr leikskóla?
2.	Virknir starfsmanna sem komu með börnunum af öðrum leikskóla, líðan þeirra og mæting?
3.	Líðan barna sem komu af öðrum leikskólum, aðlögun?
4.	Líðan barna sem eru á sumaropnunarleikskólanum?
5.	Hvaða starf var hægt að bjóða upp á ,var hægt að fara í vettvangsferðir, bjóða upp á eitthvað skemmtilegt fyrir utan leikskólann?
6.	Hvaða verkefni voru helst á herðum leikskólastjóra, var hægt að nýta tímann í fagleg mál?

